



GRI Standards – tilvísunartafla

LANDSBANKINN HF. | KT. 471008-0280 | LANDSBANKINN.IS

2. febrúar 2023

Staðfesting óháðs endurskoðanda

Til stjórnenda og hagsmunaaðila Landsbankans hf.

Við vorum ráðin af Landsbankanum hf. til að veita álit með nægjanlegri vissu á ófjárhagslegri upplýsingagjöf sem sett er fram með GRI Standards tilvísunartöflu fyrir árið 2022 ("Skýrslunni") sem er birt á vef félagsins sem hluti af Árs- og sjálfbærniskýrslu Landsbankans fyrir árið 2022.

Verkefni okkar var framkvæmt til þess að leggja mat á:

- GRI Standards tilvísunartöflu sem sett er fram með vísun í GRI standards.
- Ferla og aðferðir sem notaðir eru til að útbúa upplýsingarnar og setja þær fram.

Niðurstaða okkar er sett fram með álit með nægjanlegri vissu.

Ábyrgð stjórnenda

Stjórnendur Landsbankans eru ábyrgir fyrir söfnun, greiningu, gerð og framsetningu upplýsinganna sem settar eru fram í skýrslunni, og að tryggja að upplýsingarnar séu án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Óhæði og gæðaeftirlit

Við höfum uppfyllt kröfur um óhæði og önnur ákvæði siðareglna í samræmi við alþjóðlegar siðareglur (IESBA Code), sem byggðar eru á grundvallarreglum um heilindi, hlutlægni, faglega hæfni og varkárni, trúnað og faglega hegðun.

Deloitte ehf. lýtur alþjóðlegum staðli um gæðakerfi (e. International Standard on Quality Management (ISQM) 1 og hefur í samræmi við það innleitt umfangsmikið gæðaeftirlitskerfi, þar á meðal skráðar stefnur og verkferla varðandi fylgni við óhæðis- og siðakröfur faglega staðla og viðeigandi kröfur laga og reglna.

Ábyrgð óháðs endurskoðanda

Ábyrgð okkar er að láta í ljós álit með nægjanlegri vissu á GRI standards tilvísunartöflu í Skýrslunni. Við höfum framkvæmt vinnu okkar í samræmi við staðalinn ISAE 3000 (revised), Assurance Engagements Other than Audits or Reviews of Historical Financial Information, til að afla okkur nægjanlegrar vissu um álit okkar. Í samræmi við staðalinn höfum við skipulagt og framkvæmt vinnu okkar til að afla nægjanlegrar vissu á því að Skýrslan sé án verulegrar skekkju.

Staðfestingarverkefni með nægjanlegri vissu (e. reasonable assurance) veitir mikla vissu, en er þó ekki trygging þess að vinna framkvæmd í samræmi við staðalinn ISEA 3000 (revised) muni uppgötva allar verulegar skekkjur séu þær til staðar. Skekkjur geta orðið vegna mistaka eða sviksemi og eru álitnar verulegar ef þær gætu haft áhrif á ákvarðanatöku notanda Skýrslunnar. Með hliðsjón af mati á verulegum skekkjum, skipulögðum við og framkvæmdum vinnu okkar til að afla allra upplýsinga og skýringa sem nauðsynlegar eru til að styðja við álit okkar.

Við framkvæmdum skoðanir á gögnum, endurreikning valinna lykilmælikvarða, yfirferð á aðferðum sem notaðar eru til að útbúa upplýsingarnar, sem og tókum viðtöl við þá aðila sem eru ábyrgir fyrir því að taka saman og greina gögnin. Við tókum viðtöl við lykilstarfsmenn innan Landsbankans, beittum fyrirspurnum varðandi verklag og aðferðir til að tryggja að GRI mælikvarðar séu settir fram í samræmi við GRI Standards. Við höfum lagt mat á ferla, aðferðir, útreikninga og eftirlitsþætti sem stuðst er við, við söfnun, greiningu, gerð og framsetningu upplýsinganna hjá Landsbankanum. Við framkvæmdum gagnagreiningaraðgerðir og röktum upplýsingarnar sem greint er frá í undirliggjandi gögn. Ennfremur, höfum við lagt mat á framsetningu og samræmi upplýsinga í viðauka með GRI Standard tilvísunartöflunni.

Álit

Byggt á þeim aðgerðum sem við höfum framkvæmt og þeim gögnum sem við höfum aflað er álit okkar að GRI Standard tilvísunartafla Landsbankans fyrir árið 2022 sé að öllu verulegu leyti í

samræmi við GRI Standards og að texti í viðauka með GRI standard tilvísunartöflunni sé settur fram í samræmi við niðurstöður einstakra mælikvarða sem greint er frá.

Kópavogi, 2. febrúar 2023

Deloitte ehf.



Birna María Sigurðardóttir
Endurskoðandi

Tilvísunartafla sjálfbærniskýrslu (GRI index)

Efnisyfirlit þetta veitir yfirsýn yfir þær upplýsingar sem Landsbankinn hefur birt fyrir tímabilið 1. janúar 2022 til 31. desember 2022 í samræmi við GRI Standards.

Hliðsjón var höfð af GRI 1: Foundation 2021.

Upplýsingagjöf skv. GRI Standards ásamt með yfirskrift hvers liðar í staðlinum er gefin upp í efnisyfirlitinu.

Yfirskriftir liðanna úr GRI Standards sem upplýsingagjöfin nær til eru:

GRI 2 Almenn upplýsingagjöf 2021

GRI 3 Mikilvæg efnisatriði 2021

GRI 201 Fjárhagsleg frammistaða 2016

GRI 202 Sýnileiki á markaði 2016

GRI 203 Óbein efnahagsleg áhrif 2016

GRI 204 Innkaupastefnur 2016

GRI 205 Spilling 2016

GRI 206 Samkeppnishamlandi hegðun 2016

GRI 302 Orka 2016

GRI 305 Losun 2016

GRI 306 Frárennsli og úrgangur 2020

GRI 308 Mat á umhverfisáhrifum birgja 2016

GRI 401 Vinnumál 2016

GRI 402 Kjaramál 2016

GRI 403 Vinnueftirlit 2018

GRI 404 Þjálfun og menntun 2016

GRI 405 Fjölbreytileiki og jöfn tækifæri 2016

GRI 406 Jafnrétti 2016

GRI 407 Félagafrelsi og kjaraviðræður 2016

GRI 408 Barnavinna 2016

GRI 409 Nauðungar- og skylduvinna 2016

GRI 413 Nærsamfélag 2016

GRI 414 Mat á samfélagsáhrifum birgja 2016

GRI 415 Opinber stefna 2016

GRI 417 Markaðssetning og merkingar 2016

GRI 418 Persónuvernd 2016

Viðauki fyrir fjármálastofnanir

Mikilvæg efnisatriði bankans eru gefin upp í viðauka við GRI Standards á bls. 3-5.

Ekki hafa verið gefin út sérstök GRI atvinnugreinaviðmið (GRI Sector Standard) fyrir banka. Lagt var mat á mikilvæg efnisatriði út frá aðferðum GRI og ferlinu lýst í GRI 3 Mikilvæg efnisatriði 2021. Þess vegna birtir Landsbankinn ekki „á ekki við“ fyrir nein mikilvæg efnisatriði.

Tilvísunartafla sjálfbæriskýrslu 2022	Skýrslugjöf	Upplýsingar	Ástæður þess að meginatriði eru ekki uppfyllt	Heims-markmið Sameinuðu þjóðanna	Nasdaq UFS mælik-varðar
---------------------------------------	-------------	-------------	---	----------------------------------	-------------------------

Fyrirtækið og upplýsingagjöf

Birting upplýsinga

2-1	Um fyrirtækið	Já	Landsbankinn hf. sem er staðsettur í Austurstræti 11, 155 Reykjavík var við árslok 2022 í 98,2% eigu ríkissjóðs Íslands. Landsbankinn átti sjálfur 1,58% hlut og aðrir hluthafar, sem eru núverandi og fyr-rverandi starfsfólk Landsbankans og fyrrum stofnfjáreigendur í Sparisjóði Vestmannaeyja og Sparisjóði Norðurlands (aðrir en íslenska ríkið), áttu 0,22% hlut. Landsbankinn rekur enga starfsemi utan Íslands.		
2-2	Rekstrareiningar/aðilar sem falla undir upplýsingagjöf fyrirtækisins um sjálfbærni	Já	Sjálfbæriskýrsla Landsbankans fjallar eingöngu um Landsbankann hf. að umhverfismálum undanskildum en þar er fjallað um fyrirtækið á samstæðugrundvelli.		
2-3	Skýrslutímabil, tíðni og samskiptaupplýsingar	Já	GRI skýrsla Landsbankans fjallar um tímabilið frá 1. janúar 2022 til 31. desember 2022, líkt og Ársskýrsla og Ársreikningur félagsins. GRI skýrslan kemur út sem hluti af sjálfbærniuppgjöri bankans þann 2. febrúar 2023. Hún verður einnig gefin út sem hluti af Árs- og sjálfbæriskýrslu bankans um miðjan febrúar sama ár. Tengiliður vegna upplýsinga er varða skýrsluna er netfangið samskipti@landsbankinn.is		
2-4	Endurframsettar upplýsingar	Já	Breytingar frá fyrri skýrslum: Viðhorf starfsfólks til samfélagsábyrgðar var ekki mælt árið 2022. Starfaflokkun var uppfærð árið 2022 og endurspeglast það í vísum 405-1 og 405-2 sem sýna nú tölfræði út frá uppfærðri starfaflokkun.		
2-5	Ytri úttekt og vottun	Já	Deloitte tók að sér að endurskoða GRI Standards sjálfbæriskýrslu Landsbankans. Áritun endurskoðanda fylgir með skýrslunni. GRI skýrsla Landsbankans hefur tvisvar sinnum verið endurskoðuð með takmarkaðri vissu en er nú í fyrsta skipti endurskoðuð (e. reasonably assured). Sjálfbærnistefna Landsbankans sem er samþykkt af Bankaráði og Framkvæmdastjórn hefur það sem markmið að sýna frumkvæði í upplýsingagjöf um sjálfbærnimál, hluti af góðri upplýsingagjöf er endurskoðun upplýsinga til að tryggja gæði og áreiðanleika gagna. Nánari útlistun á því hvað felst í endurskoðun skýrslunnar og hvað áritun endurskoðanda þýðir kemur fram í áritun Deloitte. Viðskipasamband Deloitte og Landsbankans er þannig tilháttað að Landsbankinn samdi við Deloitte um úttektina og greiðir fyrir samkvæmt tilboði þeirra, eignarhald félaganna er algjörlega aðskilið.		G10

Starfsemi og vinnuafli

Birting upplýsinga

2-6	Starfsemi, virðisbætur og önnur viðskiptasambönd	Já	Landsbankinn annast hefðbundna útlána- og innlánastarfsemi en sinnir einnig markaðs- viðskiptum, sjóðastýringu í dótturfélaginu Landsbréfum, fyrirtækjaráðgjöf, einka- bankaþjónustu og eignastýringu. Í siðasátt- mála Landsbankans er kveðið á um að starfs- fólk sýni fagmennsku og heiðarleika með því að leita upplýsinga og fylgja lögum, reglum, viðurkenndum starfsháttum, siðareglum og öðrum viðmiðum sem eiga við um störf þess hverju sinni. Auk þess að lúta almennum lögum um neytendavernd og markaðssetnin- gu fylgir bankinn leiðbeininandi siðareglum Sambands íslenskra auglýsingastofa (SÍA) og leiðbeinandi reglum talsmanns neytenda og umboðsmanns barna um markaðssókn til barna. Landsbankinn tekur enn fremur tillit til reglugerðar um fjárfestavernd og viðskip- tahætti fjármálafyrirtækja, nr. 995/2007, en tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja að upplýsingar um fjárfestingarsjóði séu skýrt og rétt fram settar. Engar athugasemdir eða kærur hafa borist á árinu. Engar mikilsverðar breytingar urðu á aðfangakeðju Landsbank- ans, eignarhaldi eða fyrirtækinu árið 2022. Upplýsingar um stærð/umfang Landsbank- ans er að finna í viðauka við GRI tilvísuna- rtöflu, bls 6. Innkaupaflokkar bankans lýsa aðfangakeðju hans, þá má skoða í töflunni Hlutfall af veltu birgja eftir flokkum sem er í viðauka við GRI tilvísunartöflu, bls.10-11.			
2-7	Starfsfólk	Já	Viðauki, bls. 6-8.			S4, S5
2-8	Vinnuafli sem er ekki starfsfólk	Já	Viðauki, bls. 8.			

Stjórnarhættir

Birting upplýsinga

2-9	Stjórnskipulag og skipurit	Já	Stjórnarháttayfirlýsing			G2
2-10	Tilnefning og val á æðstu stjórnendum	Já	Stjórnarháttayfirlýsing			G2
2-11	Stjórnarformaður	Já	Stjórnarháttayfirlýsing			
2-12	Aðkoma æðstu stjórnar að eftirliti með stýrin- gu áhrifa	Já	Við mótun, samþykkt og uppfærslu á öllum atriðum og/eða aðgerðum sem tengjast sjálfbærni og/eða UFS þáttum er stuðst við sjálfbærnistefnu Landsbankans. Bankaráð samþykkir sjálfbærnistefnuna, bankastjóri ber ábyrgð á innleiðingu, framkvæmd og eftirliti á framkvæmd stefnunnar og fram- kvæmdastjórn ber ábyrgð á samþykktum og breytingum á megináherslum og viðmiðum stefnunnar. Sjálfbærnistefnan skal rýnd og uppfærð á tveggja ára fresti.			E8, E9
2-13	Framsal ábyrgðar fyrir stýringu áhrifa	Já	Stýrt í gegnum sjálfbærnistefnu bankans sem er samþykkt af bankaráði.			E8, E9

2-14	Aðkoma æðstu stjórnar að upplýsingagjöf um sjálfbærni	Já	Framkvæmdastjóri Samfélags fer yfir mikilvægisþætti og aðferð sem er beitt við vinnslu þeirra, lesa má nánar um aðferðar-fræðina í kaflanum um mikilvægisþætti Landsbankans. Einnig er eitt af markmiðum bankans í sjálfbærni að miðla sjálfbærni-upplýsingum og eru öll sjálfbærnimarkmið bankans samþykkt af framkvæmdastjórn.			
2-15	Hagsmunaárekstrar	Já	Stjórnarháttayfirlýsing			
2-16	Upplýsingagjöf um veigamikil atriði	Já	Starfsreglur bankaráðs greina frá því hvernig mikilsháttar málefnum er miðlað til stjórnar. Bankinn birtir opinberlega upplýsingar um sum þeirra mála sem lögð eru fyrir bankaráð, t.d. árshluta- og ársuppgjör, en er að öðru leyti bundinn þagnarskyldu um þau mál sem eru þar til umfjöllunar.			
2-17	Heildarþekking æðstu stjórnar	Já	Stjórnarháttayfirlýsing Starfsreglur bankaráðs			
2-18	Mat á frammistöðu æðstu stjórnar	Já	Stjórnarháttayfirlýsing			
2-19	Starfskjarastefnur	Já	Starfskjaranefnd Ársreikningur - Skýringar við sam-stæðuársreikning			G3
2-20	Launaákvörðunarferli	Já	Starfskjaranefnd Aðalfundur Landsbankans 2022			
2-21	Árlegur launasamanburður	Já	Hlutfall heildarlaunagreiðslu forstjóra og miðgildis heildarlaunagreiðslna starfsmanna í fullu starfi er 4,9			S1

Stefna, stefnumið og starfshættir

Birting upplýsinga

2-22	Yfirlýsing um stefnu í sjálfbærri þróun	Já	Sjálfbærnistefna er aðgengileg á ytri vef bankans.			
2-23	Skuldbindingar skv. stefnumiðum	Já	Sjálfbærnistefna Landsbankans er samþykkt af bankaráði, sjálfbærnistefna bls. 3.			G5, G6
2-24	Samþætting skuldbindinga skv. stefnumiðum	Já	Sjálfbærnimarkmið Landsbankans eru sett út frá sjálfbærnistefnu bankans og samþykkt af framkvæmdastjórn.			
2-25	Úrbótaferli vegna neikvæðra áhrifa	Uppfyllt að hluta	Landsbankinn telur mestu sjálfbærniáhrif sín liggja í losun lána- og eignasafns. Í fyrsta skipti árið 2021 var losun frá lánasafni reiknuð samkvæmt aðferðarfærði PCAF fyrir árið 2019. nýjasta PCAF skýrsla Landsbankans mælir losun frá lánasafni fyrir árið 2021 og kemur út í ársbyrjun 2023. Þannig að núna þekkir bankinn áhrif sín og hefur sett sér markmið um að fá samþykkt markmið um samdrátt í óbeinni losun af Science Based Target initiative árið 2023. Það verður mælanlegt og tímasett.	Gögn vantar		
2-26	Verkferlar til að leita ráðgjafar og tilkynna álitamál	Já	sjá vísa 205-1-2-3 í þessari töflu			

2-27	Samkvæmni við lög og reglur	Já	Ekki komu upp brot gegn umhverfisverndarlögum og reglum á árinu 2022 og ekki komu upp brot gegn lögum og reglum um félagsleg og hagræn mál á árinu 2022.			
2-28	Aðild að samstarfi og félögum	Já	Viðauki, bls. 9.			

Aðkoma hagsmunaaðila

Birting upplýsinga

2-29	Aðkoma hagsmunaaðila - nálgun		Viðauki, bls. 2.			
2-30	Kjarasamningar		Allt starfsfólk Landsbankans nýtur hlunninda samkvæmt kjarasamningi SSF og SA, hjá Félagi starfsmanna Landsbankans (FSLÍ) og Landsbankanum hf.			G4

Mikilvægisþættir

3-3	Lýsing á mikilvægisþáttum, hverjir þeir eru og hvernig þeim er stýrt	Já	Viðauki, bls. 2-5.			E7, S6, S8, S9, S10, G5, G6
-----	--	----	------------------------------------	--	--	-----------------------------

Fjárhagsleg frammistaða

201-1	Bein fjárhagsleg verðmætasköpun	Já	Viðauki, bls. 6.		 	
201-2	Fjárhagsleg áhrif, áhætta og tækifæri af völdum loftslagsbreytinga	Já	Pillar III			
201-3	Skuldbindingar vegna eftirlaunasjóða og annarra eftirlaunakerfa		Auk lögbundinnar skyldutryggingar lífeyrisréttinda greiðir Landsbankinn sem svarar 5,5% af heildarlaunum starfsfólks í séreignarsjóð fyrstu þrjú starfsár viðkomandi en 7% eftir það. Réttur til þessarar greiðslu lýtur sömu reglum og önnur starfsaldurtengd réttindi vegna starfa í öðru fjármálafyrirtæki. Engar aðrar framtíðarskuldbindingar eru bókfærðar hjá bankanum vegna lífeyrisgreiðslna. Engar framtíðarskuldbindingar eru bókaðar hjá bankanum vegna hvatakerfa.			
201-4	Fjárhagslegur stuðningur frá opinberum aðilum		Ríkissjóður er stærsti eigandi Landsbankans og á 98,2% hlut í bankanum en ekki er litið á hlut ríkissins sem ríkisstyrk			

Sýnileiki á markaði

202-1	Yfirlit yfir byrjunarlaun eftir kyni samanborið við almenn lágmarkslaun	Nei		Í vísí 405-2 er dreifing launa sem hlutfall af kyni eftir starf-fjölskyldum sýnd. Ekki er til tölfræði um almenn lágmarkslaun fyrir þær starf-fjölskyldur sem í bankanum starfa. Þess vegna er ekki hægt að gefa marktækan samanburð á byrjunarlaunum eftir kyni þar sem byrjunarlaun eru mismunandi eftir starf-fjölskyldum.	 	
202-2	Hlutfall yfirstjórnenda úr nærumhverfi		Landsbankinn skilgreinir Ísland sem nærumhverfi sitt og eru allir yfirstjórnendur bankans þaðan		 	

Óbein efnahagsleg áhrif

203-1	Fjárfestingar í innviðum og þjónustu samfélagsins		<u>Stuðningur við samfélagið</u>		 	
203-2	Mikilsverð óbein efnahagsleg áhrif	Nei		Það hefur ekki verið metið af meiri dýpt heldur en kemur fram í mikilvægisgreiningunni í viðauka við GRI tilvísunartöflu hver mikilsverð óbein efnahagsleg áhrif starfsemi Landsbankans hefur á samfélagið.		

Innkaupastefnur

204-1	Hlutfall innkaupa hjá birgjum í nærumhverfi	Já	<u>Viðauki, bls. 10.</u>			
-------	---	----	--------------------------	--	---	--

Spilling

205-1	Starfsemi sem hefur verið metin m.t.t. áhættu samfara spillingu	Já	<u>Viðauki, bls. 11.</u>			
205-2	Upplýsingagjöf og þjálfun í stefnum og ferlum til að hamla gegn spillingu	Já	<u>Viðauki, bls. 11-12.</u>			
205-3	Staðfest tilvik um spillingu og mótaðgerðir	Já	<u>Viðauki, bls. 12-13.</u>			

Samkeppnishamlandi hegðun						
206-1	Heildarfjöldi lagalegra aðgerða vegna samkeppnismála, auðhringjamála og einokunar	Já	Engin mál komu upp á árinu 2022			

Umhverfismál

Orka						
302-1	Orkunotkun fyrirtækisins	Já	Viðauki, bls. 13.			E3, E5
302-2	Óbein orkunotkun	Já	Viðauki, bls. 13.			E3, E5
302-3	Orkukræfni	Já	Viðauki, bls. 14.			E4
302-4	Aðgerðir til að draga úr orkunotkun	Já	Til að draga úr orkunotkun er verið að fasa út öllum ljósaperum sem eru ekki led perur og einnig býðst starfsfólki upp á samgöngustyrk sem má lesa nánar um í vísí 305-5.			
302-5	Aðgerðir til að draga úr orkuþörf vöru og þjónustu	Nei		Ekki hefur verið metið hvernig hægt sé að draga úr orkuþörf vöru og þjónustu.		

Losun

305-1	Bein losun gróðurhúsalofttegunda (umfang 1)	Já	Viðauki, bls. 14-15.			E1
305-2	Óbein losun gróðurhúsalofttegunda vegna orkunotkunar (umfang 2)	Já	Viðauki, bls. 14-15.			E1
305-3	Önnur óbein losun gróðurhúsalofttegunda (umfang 3)	Já	Viðauki, bls. 14-15.			E1
305-4	Losunarstig gróðurhúsalofttegunda	Já	Viðauki, bls. 16.			E1
305-5	Aðgerðir til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda	Já	Viðauki, bls. 16.			
305-6	Losun ósneyðandi efna	Já	Árið 2022 var engin notkun á kælimiðlum og því engin losun efna sem eru skaðleg fyrir ósonlagið			

Mat á umhverfisáhrifum birgja

308-1	Hlutfall nýrra birgja sem voru metnir m.t.t. til umhverfismála	Uppfyllt að hluta	Viðauki, bls. 24.			
-------	--	-------------------	-----------------------------------	--	--	--

308-2	Neikvæð umhverfisáhrif í virðisbætur fyrirtækisins og viðbrögð við slíkum áhrifum	Nei		Ekki hefur verið framkvæmt mat á neikvæðum umhverfisáhrifum í virðisbætur fyrirtækisins eða viðbrögð við slíkum áhrifum.		
-------	---	-----	--	--	--	--

Samfélag

Vinnumál

401-1	Nýráðningar og starfsfólksvelta	Já	Viðauki, bls. 16-18.		 	S3
401-2	Hlunnindi fyrir fastráðnið starfsfólk sem ekki bjóðast lausráðnu eða starfsfólki í hlutastarfi	Já	Viðauki, bls. 18-19.			
401-3	Foreldraorlof	Já	Viðauki, bls. 19.			

Kjaramál

402-1	Lágmarksuppsagnarfrestur vegna breytinga á starfsemi	Já	Almennur uppsagnarfrestur starfsmanna er eftirfarandi: Lausráðnið starfsmenn - 2 mánuðir. Fastráðnið starfsmenn - 3 mánuðir. Fastráðnið starfsmenn með yfir 10 ára starfsreynslu í fjármálafyrirtæki eða a.m.k. 45 ára lífaldur - 6 mánuðir.			
-------	--	----	--	--	---	--

Vinnueftirlit

403-1	Stjórnskipulag vinnueftirlits	Uppfyllt að hluta	Hjá Landsbankanum starfar vinnuverndarnefnd í samræmi við lög nr. 46/1980 um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum. Bankinn skipar tvo einstaklinga og starfsmannafélag kys aðra tvo einstaklinga til starfa í nefndinni. Nefndin fundar reglulega og með aðkomu fulltrúa starfsmannafélags er tryggt gott samstarf við trúnaðarmenn víðs vegar um landið	Gögn vantar		
403-2	Hættugreining, áhættumat og rannsókn atvika	Uppfyllt að hluta		Gögn vantar		
403-3	Þjónusta vegna atvinnusjúkdóma	Uppfyllt að hluta		Gögn vantar		
403-4	Þátttaka starfsfólks, ráðgjöf og samskipti í tengslum við vinnueftirlit	Uppfyllt að hluta		Gögn vantar		
403-5	Þjálfun starfsfólks í tengslum við vinnueftirlit	Nei		Það hefur ekki verið metin þörf á þjálfun starfsfólks í tengslum við vinnueftirlit.		
403-6	Aðgerðir til að efla heilbrigði starfsfólks	Já	Starfsfólk stendur til boða íþróttastyrkur til samræmis við skattviðmið RSK, nú kr. 65.000 á ári. Annað hvert ár stendur öllu starfsfólki til boða ítarleg heilsufarsskoðun hjá trúnaðarlækni eða heilsugæslu. Nánar má lesa um mannauðs- og heilsustefnu bankans á heimasíðu hans.			

403-8	Hlutfall starfsfólks sem vinnueftirlit nær til	Já	100%			
Þjálfun og menntun						
404-1	Meðaltími fræðslustunda á starfsmann á ári	Já	Viðauki, bls. 19.		 	
404-2	Dagskrá til að uppfæra hæfni starfsfólks og aðstoð til að aðlagast breytingum	Já	Viðauki, bls. 19-22.			
404-3	Hlutfall starfsfólks sem undirgangast reglulegt frammistöðumat og eiga starfsþróunarsamtal	Nei	Framkvæmd frammistöðusamtala í Landsbankanum er alfarið á ábyrgð hvers stjórnanda og er það í samræmi við þá stefnu Landsbankans að gera stjórnendur sjálfstæðari. Frammistöðusamtal er framkvæmt af næsta yfirmanni hvers starfsmanns sem ber jafnframt ábyrgð á framkvæmd þess. Miðað er við að starfsfólk fari í þrjú samtöl yfir árið þar sem farið er yfir mismunandi atriði. Það fer þó eftir stjórnendum og eðli starfa hvort samtölin eru þrjú yfir árið eða eitt yfirgrípsmeira samtál árlega. Ekki eru aðgengilegar tölur um fjölda starfsfólks sem fóru í samtál árið 2022.			
Fjölbreytileiki og jöfn tækifæri						
405-1	Fjölbreytileiki meðal stjórnenda og starfsfólks	Já	Viðauki, bls. 23		 	S4, G1
405-2	Samanburður á grunnaunum og kjörum karla og kvenna	Já	Viðauki, bls. 24.			S2
Jafnrétti						
406-1	Heildarfjöldi brota gegn jafnréttisstefnu og aðgerðir sem gripið var til	Já	Engin brot gegn jafnréttisstefnu tilkynnt árið 2022		 	
Félagafrelsi og kjaraviðræður						
407-1	Fjöldi rekstrareininga og birgja þar sem hætta er á að brotið sé á rétti starfsfólks til kjarasamninga og þátttöku í stéttarfélögum	Nei		Ekki hefur verið framkvæmt mat á því hvort að rekstrareiningar og birgjar séu í hætta á að brotið sé á rétti starfsfólks til kjarasamninga og þátttöku í stéttarfélögum		
Barnavinna						
408-1	Starfsemi og birgjar þar sem hætta er á barnavinnu	Nei		Ekki hefur verið framkvæmt mat á því hvort að starfsemi og birgjar séu í virðisbætur þar sem hætta er á barnavinnu.		

Nauðungar- og skylduvinnna						
409-1	Starfsemi og birgjar þar sem hætta er á nauðungar- og skylduvinnu	Nei		Ekki hefur verið framkvæmt mat á því hvort að starfsemi og birgjar séu í virðiskeðjunni þar sem hætta er á nauðungar- og skylduvinnu.		
Nærsamfélag						
413-1	Starfsemi sem tengist nærsamfélagi á virkan hátt, áhrifamat og þróunarverkefni	Nei		Ekki hefur verið framkvæmt mat á því hvort að starfsemi tengist nærsamfélagi á virkan hátt.		
413-2	Starfsemi með mikilsverð hugsanleg eða raunveruleg neikvæð áhrif á samfélagið	Nei		Ekki hefur verið framkvæmt mat á því hvort að starfsemi sé með mikilsverð hugsanleg eða raunveruleg neikvæð áhrif á samfélagið.		
Mat á samfélagsáhrifum birgja						
414-1	Hlutfall nýrra byrgja sem hafa verið rýndir með tilliti til samfélagsviðmiða	Uppfyllt að hluta	<u>Viðauki, bls. 24-25.</u>		 	
414-2	Neikvæð áhrif á samfélagið í virðiskeðju og aðgerðir sem gripið hefur verið til	Nei		Ekki hefur verið framkvæmt mat á því hvort að neikvæð áhrif á samfélagið sé til staðar í virðiskeðjunni.	 	
Opinber stefna						
415-1	Framlög til stjórn-málastarfs	Já	Engin framlög voru veitt			
Markaðssetning og merkingar						
417-1	Kröfur um upplýsingar um vörur og þjónustu og merkingar	Já	Það eru ekki gerðar kröfur um merkingar á vöru og þjónustu í þeim skilningi sem þessi vísir felur í sér þar sem bankinn er ekki að framleiða vörur í hefðbundnum skilningi yfir vörur framleiðslufyrirtækja.			
417-2	Brot gegn reglum um upplýsingagjöf og merkingar á vöru og þjónustu	Já	Engin þekkt brot			
417-3	Brot gegn reglum um markaðssetningu	Já	Engin þekkt brot			
418-1	Rökstuddar kvartanir vegna brota gegn persónuvernd og taps á upplýsingum um viðskiptavinum	Já	<u>Viðauki, bls. 25.</u>			

Viðauki fyrir fjármálastofnanir

Samfélag

G4-FS13	Aðgangur að bankaþjónustu í dreifðri og fátækri byggð eftir tegund	Já	Viðauki, bls. 25-26.			
G4-FS14	Aðgerðir til að bæta þjónustu fyrir illa setta viðskiptavinum	Já	Viðauki, bls. 26.			
G4-DMA (FS15)	Stefna hvað varðar sanngjarna umgjörð og sölu fjármálaafurða og þjónustu	Já	Siðasáttmáli			
G4-DMA (FS16)	Aðgerðir til að bæta fjármálalæsi eftir markhópum	Já	Viðauki, bls. 26.			

Vörur

G4-DMA (FS1)	Stefnur sem kveða á um umhverfis- og samfélagsþætti í tengslum við ákveðna starfsþætti	Já	Sjálfbærnistefna Landsbankans felur í sér kafla um ábyrgar lánveitingar, bls. 6.			
G4-DMA (FS3)	Ferli til að fylgjast með innleiðingu viðskiptavina á og fylgni við umhverfis og samfélagsleg skilyrði í samningum eða viðskiptum	Uppfyllt að hluta	Sjálfbærnistefna Landsbankans felur í sér kafla um ábyrgar fjárfestingar, bls. 5.	Gögn vantar		
G4-DMA (FS8)	Peningalegt verðmæti vöru og þjónustu sem ætlað er að framkalla umhverfislegan ávinning fyrir hvern starfsþátt, sundurliðað eftir tilgangi	Já	Landsbankinn er með lánasamning við Norræna fjárfestingarbankann (NIB) sem var undirritaður til sjö ára í október 2018. Í honum felst lánveiting til Landsbankans að fjárhæð 75 milljónir Bandaríkjadala. Lánið er ætlað til fjármögnunar á litlum og meðalstórum fyrirtækjum á Íslandi og verkefnum tengdum umhverfismálum. Norræni fjárfestingarbankinn er alþjóðleg fjármálastofnun í eigu átta aðildarlanda: Danmerkur, Eistlands, Finnlands, Íslands, Lettlands, Litháen, Noregs og Svíþjóðar. Bankinn lánar til opinberra verkefna og einkaverkefna jafnt innan sem utan aðildarríkjanna.			

Endurskoðun						
G4-DMA (FS9)	Umfang og tíðni endurskoðunar til að meta innleiðingu umhverfis- og samfélagsstefnu og áhættu-matsferlar	Já	Hjá Landsbankanum er í gildi skilgreint matsferli fyrir mat á rekstraráhættu. Öll svið gangast undir árlegt mat á rekstraráhættu. Afrakstur þessa mats er áhættumiðuð kortlanging rekstraráhættu á samstæðugrunni. Þar sem áhættustig er hærra en gildandi áhættuvilji bankans er farið í leiðréttinga-raðgerðir og fyrirbyggjandi aðgerðir og þeim fylgt eftir. Mat á rekstraráhættu nær til allra áhættuþátta rekstraráhættu, þ.m.t. til þess að innri ferlar bregðist eða séu ófullnægjandi, mannlegra eða kerfislægra þátta eða utanaðkomandi atburða. Matsferlið er ekki sérhæft fyrir mat á framkvæmd umhverfis-eða samfélagsstefnu. Innri endurskoðun er hluti af áhættustýringarramma bankans auk þess að vera hluti af eftirlitskerfi hans. Innri endurskoðun metur rekstrarskilvirkni bankans, fylgni við ytri og innri reglur og kynnir bankastjórn. Starfsemi Innri endurskoðunar nær til allra sviða, þ.m.t. rekstraráhættu og endurskoðunarferlisins. Alþjóðlega skoðunarstofan BSI fylgist með fylgni bankans við ISO 27001 staðalinn um upplýsingaöryggi. Þar að auki framkvæmir bankinn sjálfur reglulega ýmsar úttektir til að hafa eftirlit með fylgni við staðalinn. Ytri endurskoðendur bankans fylgja stöðluðu verklagi til öflunar endurskoðunargagna um samstæðureikningsskil bankans. Við það athugar endurskoðandinn innra eftirlit sem snertir tilreiðslu og sannferðuga framsetningu fyrirtækisins á reikningsskilunum.			
Virkt eignarhald						
G4 DMA (FS12)	Atkvæðagreiðslustefna í umhverfis- eða samfélagsmálum sem gildir um eignarhluti þar sem fyrirtækið á atkvæðarétt eða er ráðgefandi um atkvæðagreiðslu	Já	Landsbankinn hefur ekki markað sér stefnu hvað varðar atkvæðagreiðslu um umhverfis-eða samfélagsmál á aðalfundum fyrirtækja, þar sem bankinn fer með atkvæðarétt eða er ráðgefandi um atkvæðagreiðslu.			
G4-FS10	Hlutfall og fjöldi fyrirtækja í eignasafni fyrirtækisins sem það hefur átt samskipti við um umhverfis- eða samfélagsmál	Uppfyllt að hluta	Hefur verið gert að einhverju leyti en ekki eru til tölfraðilegar upplýsingar um þetta.	Gögn vantar		
G4-FS11	Hlutfall eigna sem rýndar hafa verið vegna áhrifa á umhverfi eða samfélag	Uppfyllt að hluta	<u>Sjálfbærnistefna Landsbankans felur í sér kafla um ábyrgar fjárfestingar, bls. 5, þar kemur fram að allar eignir séu rýndar samkvæmt UFS áherslum stefnunnar. Tölfræðilegum gögnum hefur ekki verið safnað hingað til.</u>	Gögn vantar		